


Umhverfisstofnun
Áb. B5

19 MARS 2004
54.55

Tilv. UST20040300033



Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

• www.kunstverein-koeln.de
• www.kunstverein-koeln.de

18. mars 2004
Tilvísun: UST20040300033/bs

Sjóvörn Norðurbakka frá Tangahúsi að Meleyri, Bæjarhreppi. Tilkynning um matsskyldu.

Vísað er til bréf Skipulagsstofnunar dags. 4. mars sl. þar sem óskað er á líts Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.


Fyrirhugað framkvæmdasvæði er frá svonefndu Tangahúsi yst á eyrinni að skemmu sunnan Meleyrar. Á þessum kafla er lágor fjörukambur jafnframt kantur vegar sem liggur með stöndinni norður fyrir Meleyri. Kamburinn er að hluta aðfluttur jarðvegur og múrbrot. Skv. frekari upplýsingum frá Siglingastofnun mun hæð sjóvarnar vera áætluð um 50 cm yfir núverandi landhæð eyrarinnar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki á náttúruminjaskrá og er ekki talið að þar sé að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Efni til framkvæmdarinnar um 1800 m³ verður tekið úr vegskeringu. Ekki er tilgreint hvar skeringuna sé að finna.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson


Gunnar S. Jónsson